

15. febrúar 2007  
SI-32278

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 1. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, 523. mál, viðurlög við efnahagsbrotum.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að það sé samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum sem lauk störfum 12. október 2006. Nefndin hafi m.a. lagt til að gerðar yrðu breytingar á viðurlagaákvæðum laga á fjármálamarkaði, þ.e. laga „sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með“.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið, telur að breytingarnar sem í því felast séu líklegar til þess að efla trúverðugleika og skilvirkni eftirlits með lögum á fjármálamarkaði og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri